



Aukaaðalfundur Brunavarna Árnæssýslu bs. haldinn í Rauða Húsinu á Eyrarbakka 14. apríl 2026

Dagskrá aukaaðalfundar (vorfundur).

Aukaaðalfundur Brunavarna Árnæssýslu bs. er haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka þriðjudaginn 14. apríl 2026 að viðstöddum undirrituðum fulltrúum. Pétur Pétursson slökkviliðsstjóri, Heiða Ösp Árnadóttir og Lárus Kristinn Guðmundsson sitja einnig fundinn.

1. Fundarsetning (kosning fundarstjóra og fundarritara)

Helgi Kjartansson, formaður Brunavarna Árnæssýslu bs., setur fundinn kl. 13:25 og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Lagt er til að Helgi Kjartansson verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

Pétur flytur skýrslu stjórnar. Ræðir hann um brunagátt HMS eitt ár aftur í tímann og fer yfir útköll sem hafa verið í umdæminu sl. ár, skiptingu niður á póstnúmer og verkefni.

Pétur fer yfir áskoranir stjórnenda varðandi mætingu í útköll. Á öllum stöðvum BÁ er treyst á hlutastarfandi slökkviliðsmenn. Þegar útkall berst fá allir aðilar sem eru kallaðir út send skilaboð sem þeir eiga að svara. Þetta er gert svo að hægt sé að hafa yfirsýn yfir hvenær og hverjir geta komið í útkallið. Tekur hann dæmi um útköll og hvernig skilaboðin hjálpa þeim sem stýrir útkallinu að sjá hversu marga hann fær í verkefnið og ferlið.

Fer hann yfir útköll sem dagvinnustarfsmenn hafa sinnt sl. ár á dagvinnutíma ásamt því að fara yfir útköll kvölds, nætur og helgar og skiptingu útkallanna um sýsluna.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Arnar Freyr Ólafsson, Fjóla St. Kristinsdóttir og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir.

3. Ársreikningur Brunavarna 2025

Pétur fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka auk formanns Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson og Jón Bjarnason.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

4. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar

Pétur fer yfir fundargerð aðalfundar frá 14. október og fundargerðir stjórnar nr. 33 frá 17. desember, nr. 34 frá 20. mars og nr. 35 frá 7. apríl og eru þær lagðar fram til kynningar.

5. Tillaga stjórnar BÁ, um að uppfylla lágmarkskröfur um mönnun dagvaktar slökkviliðs, sbr. bókun frá aðalfundi BÁ 14. okt. 2025

Lagt er fram minnisblað stjórnar Brunavarna Árnessýslu, dags. 7. apríl 2026.

Eftirfarandi tillaga er lögð til fyrir fundinn:

“Í ljósi jákvæðrar rekstrarafkomu byggðasamlagsins vegna ársins 2025, leggur stjórn til við aukaaðalfund Brunavarna Árnessýslu bs. að ráðnir verði inn 3 menn í útkallsdeild slökkviliðsins á haustmánuðum 2026 til þess að mæta lágmarksmönnunar kröfu reglugerðar. Launakostnaður vegna þessa verði greiddur með rekstrarafgangi síðasta árs og þurfi því ekki að koma til þess að taka þurfi upp fjárhagsáætlun vegna ársins 2026.”

Fundarstjóri gefur orðið laust og til máls taka auk formanns Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Sveinn Ægir Birgisson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson og Grétar Ingi Erlendsson.

Gert er fundarhlé kl. 14:45. Fundi framhaldið kl. 14:50.

Bragi Bjarnason tekur til máls og leggur til að tillaga frá fundi 7. apríl verði borin undir atkvæði og slökkviliðsstjóra og stjórn falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2026 og vinna minnisblað þar sem áhrifin til framtíðar eru lögð fram og lögð fyrir sveitarstjórnir til samþykktar.

Haraldur Þór Jónsson tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

6. Staða framkvæmda hjá BÁ (Laugarvatn, Flúðir og Borg)

Lárus fer yfir framkvæmdir hjá BÁ.

Laugarvatn: Framkvæmdir hafa verið í fullum gangi en stöðin verður vígð mánudaginn 20. apríl.

Flúðir: Þar rís stórt og mikið hús í samstarfi við Björgunarsveitina Eyvind. Framkvæmdir standa þannig að það er verið að setja upp milliveggi, það á eftir að setja í glugga og fleira. Þetta verður glæsilegt hús og mun verða öllum til sóma.

Borg: Búið er að taka skóflustungu að húsnæðinu sem mun hýsa brunavarnir og Hjálparsveitina Trinton. Óskað hefur verið eftir tilboðum í verkið og hafa útboðsgögn verið afhent. Miðað er við að afhending á húsinu verði í lok ársins 2026.

Fundarstjóri gefur orðið laust og til máls tekur auk formanns Daði Geir Samúelsson.

7. Önnur mál

Engin.

Fundi slitið kl. 15:02.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg

Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg

Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg

Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg

Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur

Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi

Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð

Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur

Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði

Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Rósa Sif Jónsdóttir, ritar